

Listaverk lifir af

„Jafnvel þótt við getum ekki útskýrt með orðum hvaða þýðingu [...] myndlistaverk hafa þá eru þau ekki minna virði eða lægra sett í hinum vitsmunalega valdastiga.“

Ólafur Elíasson

Það er sagt að brandarar deyi ef þeir eru útskýrðir. Má ef til vill segja eitthvað svipað um listaverk? Að minnsta kosti vaknar með manni óþægileg tilfinning þegar maður heyrir eða les listamann útskýra fyrir manni listaverk sem maður var búinn að skoða og jafnvel mynda sér skoðun á – í það minnsta fá einhverja tilfinningu fyrir. Það er svo aukin heldur enn verra að lesa útskýringu listamannsins á verkinu áður en maður sér verkið sjálfur.

Listasýning listasýninganna á Íslandi núna er Frostvirkin Ólafs Elíassonar í Hafnarhúsinu í

VIÐHORF

Eftir Kristján G. Arngímsson

kga@mbl.is

Reykjavík, einmitt þegar hann er nýbúinn að leggja heiminn að fótum sér í London með risastórri sól – bókstaflega, fólk ku leggjast á gólfíð í verki Ólafs í Tate-safninu í London. Að vísu ekki alveg ljóst hvort fólkíð leggst af virðingu fyrir verkinu (eða listamanninum) eða af einhverjum öðrum óútskýrðum hvötum. Allt um það.

Í Tímari Morgunblaðsins á sunnudaginn var máttí lesa mikið viðtal við Ólaf þar sem hann ræddi meðal annars um verkin á sýningunni sem opnuð var í Hafnarhúsinu á laugardaginn. Þar sem sunnudagsblað Morgunblaðsins berst flestum borgarbúum síðdegis á laugardegi má ætla að þeir hafi fengið viðtalið í hendurnar rétt eftir að þeir gátu fyrst skoðað sýninguna. Því má ætla að þeir hafi fyrst séð verkin, og síðan lesið um þau – hver gæti staðist mátið?

En þetta á auðvitað einvörðungu við um boðsgesti á opnuninni á laugardaginn. Hafi manni nú ekki hlotnast sá heiður ofan í kaupíð laumast á sýninguna á mánudegi af því að þá er ókeypis í Listasafnið, er hætt við að maður hafi verið búinn að lesa útskýringu Ólafs á listaverkunum áður en maður sá þau sjálfur. Það er óhætt að fullyrða að með slíku er engum gerður greiði, hvorki manni sjálfum né listamanninum – og sennilega síst af öllu listaverkunum.

Mánudagsgesturinn í Hafnarhúsinu sér til dæmis verk Ólafs, Virkni sjóndeildarhrings, með eftirfarandi orð hans í huganum: „Ef við hugsum út frá því skynræna, þá tekur sjóndeildarhringurinn breytingum eftir því sem meðvitund okkar um hann eykst. Efnislega séð er auðvitað hægt að mæla hversu langt í burtu hann er og ég held að á sjónum sé sú fjarlægð um fjörutíu og tveir kílómetrar. En ef við stígum upp á ölkassa sjáum við strax einhverjum kílómetrum lengra. Af þessu leiðir að ef þú ert aðeins hærri en ég þá er þinn sjóndeildarhringur allt öðruvísi en minn.“

Þegar mánudagsgesturinn las þessi orð Ólafs daginn áður brást hann af einhverjum ástæðum háðslega við og hugsaði: „Þú seg-

ir ekki?! Ja þvílík djúphygli og afhjúpanði viska!“ Og háðið situr enn í mánudagsgestinum þegar hann ratar inn í salinn þar sem Virkni sjóndeildarhrings er. Með öðrum orðum, mánudagsgesturinn fer ekki með opinn huga að skoða verkið, heldur með formótaðan huga og tekur háðskur á móti verkinu.

Hann situr dágóða stund í bláma verksins (sem er ljóslína sem sker miðja vegg salarins lárrétt allan hringinn, og ekki er önnur lýsing í salnum). Smám saman breytist liturinn á ljósinu, hlýnar yfir í rautt og svo aftur yfir í blátt og mánudagsgestinum er bent á að þetta sé sólarhringur. Stuttu seinna fer mánudagsgesturinn út úr salnum og háðið er horfið úr huga hans. Nokkrum dögum síðar er verkið Virkni sjóndeildarhrings mánudagsgestinum enn minnstætt og alls ekki á háðslegum nótum. Þetta var flott verk.

En mánudagsgesturinn er lífsins ómögulegt að koma orðum að því hvers vegna verkið virkaði vel á hann – jafnvel þótt hann hafi verið fullur af háðskum fordómum þegar hann fór að sjá það.

Eitt er þó víst í huga hans: Virkni sjóndeildarhrings kveikti ekki með honum neinar efasemd-ir. Ef eitthvað var þaggaði það niður í efasemdum (háð er í grundvallaratriðum efi). Samt segir Ólafur í Tímari viðtalinu að hugmyndir sínar um sjóndeildarhringinn snúist um hverfuleika hans og efasemdir sem kvikni af þeim hverfuleika.

Reyndar botnaði mánudagsgesturinn hvorki upp né niður í vangaveltum Ólafs í Tímari viðtalinu um afstæði, hverfuleika og efavekjandi áhrif sjóndeildarhringsins. Eiginlega runnu allar hugleiðingar Ólafs um eigin verk út í óskiljanleika í huga mánudagsgestsins, en ef til vill þess vegna staldraði hann við og samsinnti í huganum þeim orðum Ólafs sem vitnað er til hér efst í dalkinun, og fleiri orðum hans sem skilja má sem svo, að hann sjái ekki alveg tilganginn í því að setja í orð það sem hann setur í listaverkin sín.

Afstaða Ólafs er því tvíþent á afskaplega kunnuglegan máta: Hann segir eitt en gerir annað. Hann segir efast um réttmæti þess að útskýra verkin sín, en hann útskýrir þau engu að síður. Eða öllu heldur gerir tilraun til þess. Þegar á hölminn er komið fær hann ekki vikist undan þeirri útbreiddu sannfæringu, að vettvangur orðanna sé einhvern veginn fær um að ná utan um alla hina vettvangana (til dæmis málverk og innsetningar) og útskýra þá.

Ólafur er ekki einn um þessa sannfæringu. Það hafa hana flestir. En mánudagsgesturinn má til með að nota þetta tækifæri til að benda Ólafi á, að listaverkunum hans er alls ekki gerður neinn greiði með því að reyna að troða þeim í orð. Þau eru ekki orð. Ef reynt er að umsnúa þeim í orð deyja þau.

RÓSA INGIBJÖRG JAFETSDÓTTIR

† Rósa Ingibjörg Jafetsdóttir

fæddist í Keflavík 2. desember 1928. Hún andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 13. janúar síðastliðinn. Foreldrar hennar voru Jafet Egill Sigurðsson, f. 22. janúar 1907, d. 26. febrúar 1970, og Brynhildur Magnúsdóttir, f. 17. desember 1900, d. 10. október 1967, en uppeldisfaðir Rósu var Ólafur J. Petersen, f. 22. október 1903, d. 6. mars 1986. Systkini Rósu sammæðra eru: Theódór, f. 30. maí 1924, d. 7. júlí 2001, Jóhanna (Díð), f. 1. ágúst 1930, Pétur Þór, f. 3. október 1936, Elsa, f. 28. september 1939, d. 12. nóvember 2000. Systkini samféðra eru: Hörður, f. 12. júní 1932, d. 4. september 2003, Viktoría, f. 21. mars 1932, d. 28. desember 1998, Halldóra, f. 24. apríl 1933, Bragi, f. 20. mars 1935, Baldur, f. 11. mars 1936, d. 2. nóvember 1959.

Rósa ólst upp hjá móður sinni og föstra, fyrst í Keflavík en síðar í Vogum við Vatnsleysuströnd. Síðan lá leið hennar til Hafnarfjarðar og bjó hún hjá föðurömmu sinni og afa, þeim Steinunni Ólafsdóttur og Sigurði Ólafssyni kennara, er hún

Ástkær móðir okkar er látin eftir hetjulega og ærulausa baráttu við krabbamein.

Við eigum margar góðar minningar frá uppvaxtarárum okkar fyrst á Öldugötunni og síðar á Erluhrauninu. Við vorum svo lánsöm í lífinu að eignast góða foreldra sem voru aldrei langt undan hvort sem var í gleði eða sorg. Það er ekki ofsögum sagt að mamma var hin sanna kjarnakona með stórt hjarta sem allir höfðu aðgang að. Hún var vel að sér um menn og málefni og var oft hrókur alls fagnaðar í mannfagnaði.

Mamma og pabbi höfðu gaman af að ferðast bæði innan- og utanlands en mest var gaman þegar allir fóru saman í „konvoj“ að hætti mömmu og pabba.

Ófáar stundir áttum við með henni í sumarhúsi hennar í Grímsnesinu og var oft glatt á hjalla þar þegar allir komu saman. Sumarhúsið var mikill sælureitur bæði fyrir hana og okkur öll en hún undi sér vel við að planta gróðri eða að reyta arfa og var oft frá morgni fram á kvöld.

Skömmu eftir að pabbi deyr var það mömmu til mikils láns er henni bauðst starf hjá Sigurbergi Jónssyni matreiðslumanni, í mótuneyti Iðnskólans í Reykjavík og síðar sem aðstoðarkokkur í Seðlabanka Íslands. Spannaði samstarf þeirra hátt á annan áratug og var hann henni bæði vinnufélagi og kær vinur.

Seinustu árin fór hún með góðri vinkonu sinni, Erlu Jóhannsdóttur, í nokkrar eftirminnilegar ferðir utanlands og síðast nú í haust til Mallorca og höfðu þær gaman af og nutu félagsskapar hvor annarrar í góðum hópi.

Mamma fór ekki varhluta af sorginni í lífi sínu þar sem hún missti mann sinn í blóma lífsins er hún var fimmtíu og tveggja ára gömul og fjórum árum seinna elsta son sinn, Magnús, eftir erfið og langvinn veikindi.

Elsku mamma, nú er komið að kveðjustund en það er huggun harmi gegn að þú færð góða heimkomu í faðmi föður okkar, Magnúsar bróður, Ólafar Sæunnar og lítu Gabríelu.

Minningin um einstaka móður mun lifa með okkur, megi Drottinn Guð blessa hana.

„Þótt ég sé látinn, harmið mig ekki með tárnum, hugsíð ekki um dauðann með harmi eða ótta. Ég er svo nærri, að hvert eitt tár ykkar

var við nám í Flensborgarskóla.

Hinn 31. desember 1947 giftist Rósa Jóni Kristni Kristjánssyni bifreiðastjóra, f. 21. júlí 1926, d. 2. maí 1981. Foreldrar hans voru Kristján Benediktsson, f. 3. mars 1896, d. 6. ágúst 1974, og Þóra Guðlaug Jónsdóttir, f. 25. nóvember 1894, d. 24. mars 1970. Börn Rósu og Jóns voru sex: 1) Magnús, f. 22. júní 1947, d. 2.

október 1985, maki Einína Einarsdóttir, f. 19. september 1948. Börn þeirra eru: a) Ólöf Sæunn, f. 26. nóvember 1966, d. 5. febrúar 1989. b) Brynhildur Rósa, f. 19. nóvember 1968. c) Helena Björk, f. 6. mars 1972. d) Magnús, f. 12. október 1978. 2) Kristján P. G., f. 9. október 1948, maki Sigríður Guðrún Jónsdóttir f. 30. desember 1949. Börn þeirra eru: a) Jón Kristinn, f. 18. nóvember 1969. b) Sverrir Þór, f. 25. júlí 1971. c) Rósa Björk, f. 23. september 1972. d) Kristján Þórir, f. 19. október 1979. e) Gyða Sigrún, f. 27. nóvember 1980. 3) Brynhildur Rósa, f. 7. desember 1949, maki Guðmundur S. Halldórsson, f. 21. desember 1950. Börn þeirra eru: a) Baldur Páll, f. 6. júlí 1977. b) Linda Björk, f. 22. mars 1979. c) Karen, f.

snertir mig og kvelur, en þegar þið hlæið og syngið með glöðum hug, lyftist sál mín upp í mót til ljóssins. Verið glöð og þakklát fyrir allt sem lífið gefur og ég tek þátt í gleði ykkar yfir lífinu.“ (Kahlil Gibran)

Kristján, Brynhildur, Kristín, Steinunn og Sigurður.

Elsku Rósa, það er sárt að sjá á eftir þér svona snögglega. Þegar ég hugsa til baka og reyni að muna hvernig fyrstu kynni okkar voru þá get ég ekki munað þau, mér finnst eins og við höfum þekkt alla ævi. Það kemur sterkt upp í huga minn þegar Bjarni Guðmann og Inga Rósa voru nýfædd þá man ég eftir að þú talaðir við þau með alveg sérstöku „agúú“ og skildir eftir svoltið af varalit út um andlit þeirra og þau alsæl með það. Þú varst dugnaðarforkur, alveg stórglæsileg og áttir svo fallegt og myndarlegt heimili. Þú hafði alveg sérstaklega góða návist, hress og skemmtileg og það var notalegt að koma við hjá þér á Erluhrauninu, alltaf kaffi á könnunni, meðlæti og ánægjulegar samræður. Hann Jón minn á eftir að sakna þess að geta ekki fengið sér kaffisopa hjá þér, honum þótti svo óskaplega vænt um þig. Okkur þótti líka notalegt að fá þig til okkar hingað upp í Borgarnes. Þú varst alveg ekta, hafðir þínar skoðanir á hlutunum og svo hrein og bein. Þú fylgdist vel með fólkinu þínu og sýndir áhuga á öllu sem verið var að gera eða stóð til að gera. Við munum sakna þess að hafa þig ekki hérna nálægt okkur lengur en eftir stendur myndarleg og samheldin fjölskylda sem mun halda uppi minningu þinni.

Bjarni og Inga Rósa senda ömmu þæningu sem við förum með áður en við förum að sofa.

Vertu yfir og allt um kring með eilífri blessun þinni, sitji Guðs englar saman í hring sænginni yfir minni.

(Sig. Jónsson)

Það var ánægjulegt að fá að kynna þér, Rósa amma, og ég trúir því að þú fylgdist enn betur með þínu fólki þarna ofan frá.

Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir.

Nú er ástkær tengdamóðir mín Rósa Jafetsdóttir látin eftir snarpa baráttu við erfiðan sjúkdóm. Það eru líðin tæp 30 ár síðan ég kynnt-

28. febrúar 1980. d) Davíð, f. 28. febrúar 1980. 4) Kristín, f. 19. febrúar 1957, maki Heimir Ólafsson, f. 12. janúar 1955. Börn þeirra eru: a) Erla, f. 9. ágúst 1980. b) Jóna Kristín, f. 3. janúar 1984. c) Ólafur Fannar, f. 14. júní 1988. 5) Steinunn Guðrún, f. 23. mars 1959, maki Björgvin Jens Guðbjörnsson, f. 16. júlí 1957. Börn þeirra eru: a) Ingvar Þór, f. 15. ágúst 1977. b) Birgir Örn, f. 10. nóvember 1981. c) Berglind Ósk, f. 19. september 1983. 6) Sigurður, f. 21. nóvember 1960, maki Brynhildur Pétursdóttir, f. 13. mars 1970. Börn þeirra eru: a) Daníel Örn, f. 29. ágúst 2001. b) Ástrós María, f. 20. júlí 2003. Þá átti Sigurður fyrir börnin: c) Hrefnu Björk, f. 10. febrúar 1980. d) Sigurð Almar, f. 8. október 1984. e) Valgerði, f. 4. ágúst 1986. f) Jafet Egil, f. 28. desember 1990. Barn Brynhildar er Sunna Björg Richter, f. 10. mars 1995. Langömmubörn Rósu eru sjö, þar af eitt látið. Rósa og Jón byrjuðu sinn búskap fyrst í Reykjavík en fluttu fljótlega til Hafnarfjarðar og byggðu sér seinna hús við Erluhraun 6 og bjó Rósa þar til dauðadags.

Rósa vann ýmis störf auk húsmóðurstarfa, þar á meðal nokkur ár hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Seinna eftir nám við Hótel- og veitingaskólann starfaði hún í eldhúsi Iðnskólans í Reykjavík og síðar hóf hún starf sem aðstoðarkokkur í mótuneyti Seðlabanka Íslands og starfaði þar uns hún lét af störfum vegna aldurs.

Útför Rósu fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag og hefst athöfnin klukkan 13.30.

ist þeim sómahjónum Rósu og Jóni Kristjánssyni, tengdaforeldrum mínum, þegar ég kynntist Brynhildi dóttur þeirra hjóna. Er ég kom fyrst inn á heimili þeirra var mér tekið eins og ég væri einn af fjölskyldunni og alla tíð síðan sýndu þau mér einstakan hlýhug og vináttu sem aldrei bar skugga á.

Er við Binna byrjuðum að byggja mátti ekki heyrna annað en að við flyttum inn til þeirra með fjögur ung börn þar til við fengjum búð. Oft var gestkvæmt á Erluhrauninu og margir fjölskyldumeðlimir gistu hjá þeim um lengri eða skemmri tíma, alltaf var pláss fyrir alla ef á þurfti að halda. Velferð barna þeirra og fjölskyldna var þeim hjartans mál og drógu þau ekkert af sér ef þau gátu rétt hjálparhönd við að mæla eða gæta barnabarna. Sýndi það sig best þegar við vorum að byggja, þá var tengdamamma mætt með hamar og sköfu um leið og búíð var að steypa, til að naglhreinsa og skafa timbur.

Rósa hafði yndi af börnunum og nutu börnin okkar þess í ríku mæli eins og allur hópurinn.

Rósa var há og glæsileg kona, fágúð í framkomu og hrókur alls fagnaðar með skemmtilegan húmor. Hún var mikil hagleiks kona, vandvirk á öllum sviðum hvort sem um var að ræða matargerð, saumskap eða annað. Hún hafði sérstakt yndi af garðrækt og bera garðarnir á Erluhrauninu og við sumarbústaðinn þess glöggvitni.

Það var Rósu og fjölskyldunni allri mikið áfall er tengdababbi lést í blóma lífsins, en síðan rak hvert áfallið annað því að á fáum árum létust elsti sonur hennar, sonardóttir og langömmubarn.

Það bar vott um kjark þinn og dugnað er þú réðst í að reisa sumarbústaðinn eftir lát Jóns. Lagðist öll fjölskyldan á eitt til að láta draum ykkar tengdababba rætast. Eigum við góðar minningar frá þeim tíma og æ síðar.

Á þessari erfiðu stundu er gott að ylja sér við minningarnar um allar samverustundirnar og vil ég þakka þér fyrir allt sem þú gafst mér. Ég kveð mína kærnu tengdamóður með virðingu og hlýhug.

Far þú í friði, fríður Guðs þig blessi, hafðu þökk, fyrir allt og allt. (V. Briem)

Þinn tengdasonur
Guðmundur Halldórsson.